


SUÐURNES | GARÐUR | GRINDAVÍK | REYKJANESBÆR | SANDGERÐII | VOGAR

Ársskýrsla

2016



HEKLAN

ATVINNUPRÓUNARFÉLAG
SUÐURNESJA

Ársskýrsla 2016

Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja

Heklan, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja starfar skv. samningi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Byggðastofunnar.

Markmið samningsins eru:

- Að skapa grundvöll fyrir markvisst samstarfs Byggðastofnunar og annarra stofnana iðnaðarráðuneytisins við atvinnulíf og mennta- og menningarstofnanir á Suðurnesjum um atvinnu- og byggðapróun. Að þessu verður unnið í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum og aðra stefnumótun iðnaðarráðuneytisins með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Samþætta áherslur ríkisins (sbr. t.d. Ísland 2020) og sameiginlegar áherslu á starfssvæði S.S.S.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja er rekið sem sérstök deild innan Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Félagið er skráð á kennitölu S.S.S.

Rekstur Markaðsstofu Reykjaness heyrir undir Hekluna og stjórn hennar er jafnframt stjórn Heklunar en þar eiga sæti fulltrúar í Ferðamálasamtökum Reykjaness. Markaðsstofa Reykjaness starfað náið með Reykjanes Geopark en starfsmaður verkefnisins heyrir undir Hekluna.

Stjórn

- Formaður Kjartan Már Kjartansson Reykjanesbæ
- Magnús Stefánsson Garður
- Fannar Jónasson Grindavík
- Sigrún Árnadóttir Sandgerði
- Ásgeir Eiríksson Vogar
- Kjartan Eiríksson Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
- Guðmundur Pétursson Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi
- Sigrún Elefsen Ferðamálasamtök Reykjaness

Starfsmenn

Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri


Björk Guðjónsdóttir verkefnastjóri

Dagný Gísladóttir verkefnastjóri

Eggert Sólberg Jónsson verkefnastjóri

Þuríður Halldóra Aradóttir verkefnastjóri

Skipurit



Markmið

Fá svæði á Íslandi búa yfir jafnmiklum tækifærum til vaxtar og Suðurnes. Gjöfular auðlindir til lands og sjávar, góðar samgöngur, mikil náttúrufergurð, fjölsóttir ferðamannastaðir, öflugir innviðir, nálægð við höfuðborgarsvæðið og helsti alþjóðaflugvöllur landsins gera það að verkum að Suðurnes eru fyrsta flokks staður til búsetu og atvinnurekstrar. Framtíðarsýn okkar er að árið 2020 standi Suðurnes jafnfætis sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í samkeppni um fólk og fyrirtæki.

Til að svo megi verða þarf að hlúa vel að atvinnulífi og íbúum svæðisins og snúa veikleikum þess upp í tækifæri. Suðurnes þurfa að vera umhverfis- og fjölskylduvænt samfélag, aðlaðandi og öruggt, þar sem saman fara öflugt atvinnulíf, blómlegt menningarstarf, framúrskarandi skólastarf og góður jarðvegur fyrir nýsköpun, frumkvæði og skapandi hugsun.

Verkefnin framundan eru að renna styrkum stoðum undir öflugt atvinnulíf til framtíðar. Fjölga þarf fjölbreyttum atvinnutækifærum og vel launuðum störfum og stuðla að samstarfi fyrirtækja og auka erlenda sem innlenda fjárfestingu í atvinnulífi á Suðurnesjum. Auðlindir Suðurnesja skulu nýttar á sjálfbæran hátt í sátt við umhverfið, atvinnulífi og mannlífi á Suðurnesjum til heilla.

Fjölga þarf tækifærum til náms og bæta frammistöðu nemenda á öllum skólastigum. Einnig ber að renna frekari stoðum undir háskólakennslu og rannsóknir á Suðurnesjum og vinna að tengingu þeirra við atvinnulífið. Fjölga þarf atvinnutækifærum fyrir háskólamenntað fólk.

Bæta þarf samgöngur enn frekar, innan svæðis og við höfuðborgarsvæðið og gera þær umhverfisvænni. Rétt er að horfa til uppbyggingar lestarsamgangna í þeim efnum. Efla þarf samvinnu sveitarfélaganna á svæðinu og bæta þjónustuna við íbúana enn frekar.

Vinna þarf að vexti og viðgangi öflugs menningarlífs með auknu samstarfi milli menningarstofnana, eflingu þeirra stofnana sem fyrir eru og fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu.

Sóknaráætlun 2015 - 2019

Þann 10. febrúar 2015 skrifaði Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum undir samning við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarráðuneytið um Sóknaráætlun Suðurnesja fyrir árin 2015-2019. Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem ríkið hefur varið í atvinnu-, byggða- og menningarmál á Suðurnesjum í samræmi við stefnu sem landshlutinn mótar sjálfur á þessum sviðum.

Kjarninn í Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019 og sú sýn sem vinna skal eftir, eru þær áherslur sem komu fram á fundi Samráðsvettvangs um Sóknaráætlun Suðurnesja sem fundaði í júní en þar tóku þátt í stefnumótum kjörnir fulltrúar og haghafar á Suðurnesjum.

Landshlutasamtökin settu upp uppbyggingarsjóð í tengslum við sóknaráætlun og leysti hann af hendi verkefni Vaxtarsamnings Suðurnesja og Menningarsjóðs Suðurnesja. Uppbyggingarsjóður styður við menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni í samræmi við þau markmið sem sett voru í sóknaráætlun. Skipað var í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs og fór fyrsta úthlutun fram þann 15. Júní 2015. Úthlutað var úr sjóðnum fyrir árið 2016 í marsmánuði. Úthlutunarnefndin ákvað að úthluta 45 milljónum til 35 verkefna.

Markaðs- og kynningarmál

Verkefnastjóri Dagný Gísladóttir

Heklan miðlar upplýsingum til hagsmunaaðila á starfssvæði er snúa að nýsköpun og atvinnuþróun og veitir jafnframt upplýsingar um svæðið.

Upplýsingavefur

Unnið var að nýjum vef Heklunnar á léninu, heklan.is og var umsjón í höndum keflvísku vefstofunnar Kosmos & Kaos. Áhersla var lögð á að skýra betur hlutverk atvinnuþróunarfélagsins og fjölbreyttar starfseiningar s.s. Markaðsstofu Reykjaness, Reykjanes

Geopark og Uppbyggingarsjóð. Þá var tekinn í notkun grunnur fyrir gagnasafn þar sem nálgast má m.a. skýrslur og greiningar á svæðinu á aðgengilegan hátt.

Aðgengi að viðtalstímum ráðgjafa var gert sýnilegra og boðið verður upp á flokkaða póstlista og fjölbreytta viðburðasiðu svo eitthvað sé nefnt.

Heimsóknir voru 8.297 og gestir 2.554 á tímabilinu janúar 2016 - janúar 2017.

Samfélagsmiðlar

Heklan er á Facebook og Twitter og miðlar þar reglulega upplýsingum. Keyptar eru auglýsingar til þess að kynna sérstaklega viðburði og fræðslu á vegum Heklunnar.

Suðurnesjamenn í samfélagsmiðlum/suðurnesjamenn.is

Suðurnesjamenn í samfélagsmiðlum er verkefni þar sem helstu samfélagsmiðlar eru nýttir til þess að miðla jákvæðri umfjöllun og umræðu um samfélagið á Suðurnesjum.

Heklupóstur

Rafrænt fréttabréf Heklunnar er sent úr reglulega á yfir 300 netföng og hefur 25% lestur sem er yfir meðaltali. Veittar eru uppl. um styrkjamöguleika, námskeið og fyrirlestra sem og nýsköpun á svæðinu.

Fræðslufundir og ráðstefnur

Heklan stendur reglulega fyrir kynningarfundum og fyrirlestrum. Má þar nefna fyrirlestra og fróðleik fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki, fyrirtæki í ferðaþjónustu og kynningu á Reykjanes jarðvangi. Að auki eru haldnir reglulega kynningarfundir vegna ýmissa verkefna sem heyra undir Hekluna.

Hautfundur Heklunnar



Árlegur haustfundur Heklunnar var haldinn 27. október undir yfirskriftinni Verðmætasköpun í atvinnulífinu.

Fyriresarar voru: Grímur Sæmundsen formaður Samtaka Ferðaþjónustunnar (SAF) og forstjóri Bláa Lónsins hf., Heiðar Guðjónsson hagfræðingur og formaður stjórnar Vodafone og varaformaður stjórnar HS veitna og Hjördís Rut Sigurjónsdóttir sérfræðingur hjá Nordregio. Vel var fjallað um fundinn í fjölmiðlun þar sem fram kom að mörg tækifæri búa á Suðurnesjum.

Vetrarfundur ferðaþjónustunnar á Reykjanesi



Vetrarfundur ferðaþjónustunnar á Reykjanesi var haldinn í fyrsta sinn 2. mars. Fyrirlesarar voru Inga Hlín Pálsdóttir forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá

Íslandsstofu, Sváfnir Sigurðarson og Kristján Hjálmarsson frá HN samskiptum, Eggert Sólberg Jónsson og Þuríður H. Aradóttir. Hvatningarverðlaun 2016 hlutu Reynir Sveinsson og Mireya Samper.

- **Örfyrirlestur KPMG 13. janúar**
Flosi Eiríksson og Kári Steinn Karlsson - Áætlunargerð og Lean straumlínustjórnun
- **Hvar er best að vera í samfélagsmiðlum? 26. janúar**
Þóráanna Jónsdóttir, Markaðsmál á mannamáli, Eldey frumkvöðlasetur
- **Hönnunar og tilraunasmiðja í Hakkit, 15. febrúar**
Eldey frumkvöðlasetur og Heklan í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, 7 vikna námskeið
- **Facebook sem markaðstæki fyrir fyrirtæki 24. og 25. febrúar**
Námskeið, Pipar/TBWA MR og Heklan
- **Vetrarfundur ferðaþjónustunnar á Reykjanesi 2. mars**
Hvatningarverðlaun 2016 hlutu Reynir Sveinsson og Mireya Samper
- **Heklan fræðist um nýsköpun og byggðapróun í Skotlandi 24. - 27. maí**
Bygðastofnun og atvinnuþróunarfélög á landinu
- **Reykjanes geopark vika 6-11 júní**
- **Rannís kynnti nýja styrktarflokka og umsóknarferli Tækniþróunarsjóðs 31. ágúst**
Eldey frumkvöðlasetur
- **Bygðastofnun kynnti vinnu við gerð byggðaáætlunar 2017-2023 6. október**
- **Kynningarfundur MR um stefnumótandi stjórnunaráætlanir í ferðaþjónustu 14. október**
- **Hugarfar árangurs - Matti Ósvald 18. október**
Hádegisfyrirlestur í Eldey frumkvöðlasetri
- **Verðmætasköpun í atvinnulífinu - Haustfundur Heklunnar 27. október**
- **Úthlutun styrkja Uppbyggingarsjóðs 2016 15. desember**

Ráðgjafar

Unnið var eftir samstarfssamningi við KMPG um fasta viðtalstíma ráðgjafa í Eldey auk þess sem þeir bjóða upp á fyrirlestra bæði á staðnum og með fjarfundabúnaði. Þá býðst frumkvöðlum í Eldey afsláttur á frekari þjónustu.

Fjölmiðlar

Heklan veitir upplýsingar til fjölmiðla þegar auglýst er eftir áhugaverðum nýsköpunarverkefnum á svæðinu. Hekluþóstur, rafrænt fréttabréf Heklunnar fer á alla fjölmiðla en að auki eru sendar út fréttatilkynningar vegna viðburða og nýsköpunarverkefni hafa verið sérstaklega kynnt hverju sinni t.d. við úthlutun styrkja. Stöðugt er unnið að því að kynna verkefni í fjölmiðlum.

Ráðgjöf

Verkefnastjóri: Verkefnastjórar Heklunnar

Heklan veitir upplýsingar og leiðsögn fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Þar er á einum stað hægt að leita aðstoðar um allt sem við kemur viðskiptahugmyndum og þróun þeirra sem og almennum rekstri fyrirtækja. Leiðbeint er um gerð viðskiptaáætlunar, styrkjamöguleikar kannaðir sem og fjármögnun.

- Aukið samstarf atvinnuráðgjafa um land allt sparar sporin.
- Ráðgjöf minnkaði á árinu 2016 þar sem atvinnuástand er betra og færri frumkvöðlar hefja nýjan rekstur. Að sama skapi hafa gæði verkefna aukist.

Samstarfsverkefni

Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi

Tengiliður: Björk Guðjónsdóttir

Samstarf Heklunnar og SAR er með þeim hætti að Heklan skipaði aðila í stjórn SAR. Fulltrúi Heklunnar er í samstarfsnefnd SAR ásamt framkvæmdastjóra SAR og fulltrúa ISAVIA. Verkefnahópurinn hefur haldið fjölda funda og mun halda þeim áfram á árinu 2016. Helstu verkefni hópsins hafa verið þróun á samstarfi fyrirtækja á Reykjanesi, tenging atvinnulífsins innávið og útávið með það að markmiði að efla atvinnu og minka atvinnuleysi á Reykjanesi. Á árinu 2017 mun samstarfshópurinn vinna að sömu markmiðum.

Ímynd Reykjaness

Tengiliður: Markaðsstofa Reykjaness - Þuríður H. Aradóttir Braun

Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum í samstarfi við fyrirtæki á Suðurnesjum efndu til ímyndaherferðar fyrir Reykjanesskagann árið 2016. Samið var við H:N markaðssamskipti um að vinna verkið. Markaðsstofa Reykjaness stýrði verkefninu og var tengiliður samstarfsaðila á Reykjanesi. Þetta verkefni er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja.

Í lok árs 2015 var ljóst að uppgangur hafði verið í atvinnulífi á svæðinu og þá sérstaklega í ferðaþjónustu og í kringum uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Atvinnuleysi var hverfandi og mikil þörf á starfsfólki til vinnu víða á svæðinu, það var því álit fyrirtækja á svæðinu að sameiginlega yrðu þau að leggja í áttak til að laða að mögulega starfsmenn í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu. Samkvæmt könnun sem framkvæmd var í lok árs 2015 kemur í ljós að þrátt fyrir ágætt viðhorf til svæðisins (eða um 64% aðspurðra voru jákvæðir til Reykjanessins) þá var fólk ekki tilbúið til að starfa á Suðurnesjunum eða að flytja inn á svæðið. Upp frá því hófst verkefnið um

að efla innri og ytri ímynd svæðisins með þeim skilaboðum að hér liði íbúum vel, að hér væri gott að búa og næga atvinnu að hafa. Markmið verkefnisins var að í lok árs hefðu Íslendingar jákvæðari hugafar til svæðisins og væru jákvæðari gagnvart svæðinu sem mögulegu búsetusvæði eða atvinnusvæði.

Framleidd voru þrjú stutt myndbönd með jákvæðum skilaboðum frá fyrirtækjum og íbúum svæðisins og unnið var gagnert að því að flytja góðar fréttir af svæðinu og að segja góðar sögur um svæðið. Yfir 100 jákvæðar fréttir birtust í miðlum landsins um Reykjanesið.

Verkefnið þótti takast mjög vel og samkvæmt könnun sem unnin var í lok árs hafði jákvæðni til svæðisins aukist um 4% eða í 68% en á sama tíma fækkaði neikvæðum aðilum um 30%, fleiri aðilar gátu hugsað sér að flytja inn á svæðið og jafnframt starfa þar.

Samstarfsaðilar eru sammála um það að verkefnið hafi skilað góðum árangri þó það hafi aðeins staðið í tæpt ár og ákveðið var að halda því áfram á árinu 2017.

Markaðsstofa Reykjaness

Verkefnastjóri: Þuríður Aradóttir Braun

Markaðsstofa Reykjaness er drifkraftur þróunar ferðamála á Reykjanesskaganum og fyrsti snertiflötur í málefnum ferðaþjónustu á starfssvæðinu sem nær yfir sveitarfélögin fimm; Garð, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerði og Vogar. Markaðsstofa Reykjaness býr yfir sérþekkingu og yfirsýn yfir málaflokkinn, ásamt því að hafa víðtæk tengsl innan svæðisins og annarra landsvæða.

Meginhlutverk Markaðsstofu Reykjaness er að vekja athygli á Reykjanesinu sem áhugaverðum áfangastað fyrir ferðamenn á Íslandi. Starf og verkefni markaðsstofunnar eru margþætt en þau miða að því að samþætta og efla markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðamál á svæðinu, stuðla að auknum tækifærum í greininni og ná í möguleg viðskiptasambönd og ferðamenn inn á svæðið og lengja dvalartíma þeirra.

Meðal verkefna Markaðsstofu Reykjaness er umsjón og útgáfa á sameiginlegu kynningarefni, bæklingum, vefsíðum, samfélagsmiðlum, skipulagning sýninga og önnur verkefni sem styðja við og efla ferðaþjónustu á svæðinu og styrkja ímynd þess.

Samstarfsaðilar í Markaðsstofu Reykjaness

Þátttakendum eða samstarfsaðilum markaðsstofunnar hefur verið að fjölga jafnt og þétt á síðustu árum og á árinu 2016 fjölgaði samstarfsaðilum um 15% eða úr 68 í 78, þar af voru 24 aðilar sveitarfélag og/eða stofnanir sveitarfélaga. Þátttaka ferðaþjónustuaðila og annarra tengdra aðila er mikilvæg fyrir markaðsstofuna til að vinna að og móta kynningarefni fyrir svæðið, fyrir móttöku ferðaskrifstofa og blaðamanna og til að vinna að frekari uppbyggingu og styrkingu ferðaþjónustunnar á svæðinu.

Fjölmiðlar

Unnið var markvisst að því að koma á framfæri kynningu af Reykjanesi í landshlutablöðum, erlendum og innlendum tímaritum, dagblöðum á landsvísu, útvarpi o.fl. Markaðsstofan aðstoðaði og tók á móti fjölda blaðamanna í samstarfi við Íslandsstofu, Höfuðborgarstofu og markaðsstofur landshlutanna.

Samfélagsmiðlar

Markaðsstofan er með aðgang að nokkrum samfélagsmiðlum. Fylgjendum á þeim síðum fjölgaði úr 3281 á árinu 2015 í 4.344 í lok árs 2016.

Eftirfarandi samfélagsmiðlar eru virkir í nafni markaðsstofunnar eða Visit Reykjaness:

- o Instagram @visitreykjaness
- o Twitter @visitreykjaness
- o Facebook /visitreykjaness
- o Pinterest.com/visitreykjaness

Millumerki: #visitreykjaness #reykjaness #reykjanessiceland #romanticreykjaness

Heimasíður

Markaðsstofa Reykjaness heldur úti sérstakri svæðissíðu fyrir Reykjanesið í samstarfi við aðrar markaðsstofur á landinu sem reka samskonar síður. Síðurnar voru teknar í notkun árið 2014 og 2015 og hafa síðan þá verið reglulega uppfærðar. Síðurnar eru bæði á íslensku og ensku. Gagnagrunnur Ferðamálastofu er rekinn samhliða þessum síðum og hefur Markaðsstofa Reykjaness séð um að halda við og uppfæra upplýsingar fyrir ferðaþjónustuaðila á Reykjanesi. Um 123 þúsund notendur nýttu sér heimasíðuna visitreykjaness.is á árinu 2016 en það er tölulverð aukning frá árinu 2015 en þá voru notendur um 60 þúsund.

Bæklingar og útgáfa

Landshlutabæklingur Reykjaness var endurútgefinn í maí. Bæklingurinn var prentaður í 30.000 eintökum og var honum dreift á allar helstu upplýsingamiðstöðvar um landið yfir sumartímann en áhersla var lögð á að dreifa bæklingnum á öll helstu hótél, bókunar- og upplýsingamiðstöðvar á Suð-Vesturluta landsins allt árið.

Dreifing á bæklingum er unnin af starfsmanni markaðsstofunnar og Bæklingadreifingu. Allar útgáfur markaðsstofunnar eru einnig aðgengilegar á vefnum í gegnum issuu.com.

Kynningarfundir innan svæðis og heimsóknir til ferðaþjónustuaðila

Yfir allt árið heimsækja starfsmenn markaðsstofunnar fyrirtæki á svæðinu. Á vormánuðum var sérstök áhersla lögð á að heimsækja fyrirtæki sem ekki eru á skrá hjá markaðsstofu Reykjaness og kynna starfsemina sem og ferðamál á svæðinu.

Yfir árið voru reglulega haldnir hádegis- og/eða morgunverðarfundir í samstarfi við Hekluna, Eldey, Kadeco, Keilir og Reykjaness Geopark. Fundunum og námskeiðum er betur gert skil í

kaflanum um Hekluna en markmið þeirra var að fræða og efla þekkingu fyrirtækja á málefnum líðandi sundar.

FAM, Inspectionferðir og pre-/post-ferðir

Til að kynna svæðið fyrir innlendum og erlendum ferðasöluáðilum, blaðamönnum ofl. voru settar upp nokkrar FAM ferðir í samstarfi við ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

- Á árinu 2016 voru skipulagðar ferðir í tengslum við ferðakaupstefnurnar Mid-Atlantic í febrúar, Vest Norden í október og ráðstefnuna Icelandic Tourism Investment sem haldin var í febrúar.
- Skipulagðar voru fjórar blaðamannaferðir í samstarfi við Íslandsstofu auk nokkurra ferða sem voru skipulagðar fyrir sjálfstæða blaðamenn/bloggara.
- Aðstoðað var við nokkrar ferðir íslenskra ferðaskrifstofa sem skipulögðu sérstaka ferð um Reykjanesið fyrir sína starfsmenn.

Ferðasýningar og vinnustofur

Markaðsstofan tók þátt í nokkrum ferðasýningum og vinnustofum í samstarfi við Íslandsstofu á liðnu ári. Sýningarnar og vinnustofurnar sem Markaðsstofa Reykjaness tekur þátt í miðast við til hvaða markhópa svæðið vill ná hverju sinni. Sýningar og vinnustofur sem markaðsstofan tók þátt í á árinu voru:

- Mannamót 2016 – 19. janúar
- Mid-Atlantic Reykjavík – 5. – 7. febrúar
- Vinnustofa Íslandsstofu á vesturströnd USA - 19.-27. febrúar
- VestNorden Íslandi - 3.-5. október

Viðburðir

Markaðsstofa Reykjaness stendur fyrir nokkrum árlegum viðburðum í samstarfi við markaðsstofur landshlutanna, Reykjanes Geopark og fl.

- Mannamót 2016 - 19. janúar. Vettvangur ferðaþjónustuaðila (samstarfsaðila markaðstofunnar) af landsbyggðinni til að kynna sína starfsemi fyrir starfsmönnum annarra ferðaþjónustuaðila, ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggenda. Viðburðurinn er samstarfsverkefni markaðsstofa landshlutanna.
- Vetrarfundur ferðaþjónustunnar á Reykjanesi - 3. mars 2016. Fundur um málefni ferðaþjónustunnar í samstarfi við Reykjanes Unesco Global Geopark.
- Kynnisferð fyrir starfsmenn ferðaþjónustuaðila á Reykjanesi í Geoparkviku í júní.
- Haustfundur markaðsstofa landshlutanna. Haldinn í fyrsta sinn í október 2016. Markmið fundarins er að fara yfir málefni sem brýnast liggja á ferðaþjónustunni á landsbyggðinni.

Styrkir

Markaðsstofan er samstarfsaðili í nokkrum verkefnum sem hlutu styrki á árinu 2016. Meðal þeirra verkefna sem hlutu styrki voru; Fuglar á Reykjanesi og Gagnvirkir fræðslustígar á Reykjanesi.

Þá kom markaðsstofan að nokkrum áhersluverkefnum fyrir Sóknaráætlun Suðurnesja sem snéru að markaðssetningu og uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Ráðgjöf

Eitt af hlutverkum markaðsstofunnar er að vera ráðgefandi. Starfsmenn markaðsstofunnar vinna að ráðgjöf og stuðningi við ferðaþjónustuaðila, samstarfsaðila að MSR og fyrir Hekluna, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja. Þó nokkrir aðilar nýttu sér þessa þjónustu yfir allt árið, hvort sem um var að ræða stofnun nýs fyrirtækis í ferðaþjónustu eða vöruþróun.

Verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjanes situr í ráðgjafanefnd Íslands vegna NPA styrkja (NORTHERN PERIPHERY AND ARCTIC PROGRAMME 2014-2020).

Stefnumótandi stjórnunaráætlun fyrir áfangastaðinn Reykjanes (DMP Reykjanes)

Markaðsstofa Reykjanes er tengiliður DMP verkefnisins fyrir Reykjanesið sem leitt er áfram á landsvísu af Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála. Á árinu 2016 var unnið að undirbúningi fyrir verkefnið, skipulagningu og tímaáætlun fyrir verkefnið. Í lok árs 2016 var unnin hagaðilagreining fyrir verkefnið á Reykjanesi sem nýtt verður til frekari vinnu við DMP Reykjanes á árinu 2017.

Reykjanes Geopark

Verkefnisstjóri: Eggert Sólberg Jónsson

Reykjanes Geopark (RGP) var stofnaður 2012 og fékk aðild að UNESCO Global Geoparks árið 2015. Að baki RGP standa sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum auk sex annarra hagsmunaðila. RGP hefur nokkur megin markmið:

- Auka vitund um svæðið, s.s. jarðfræði, menningu, sögu o.s.frv.
- Kynna ferðaþjónustu, fræðslu og rannsóknir
- Vinna að uppbyggingu og þróun innviða
- Þróa nýjar söluvörur

Stjórn RGP samþykkti starfsáætlun fyrir árið 2016 á fundi sínum 22. október 2015.

Aðild að EGN/GGN

Reykjanes Geopark fékk aðild að European Geoparks Network (EGN) Global Geoparks Network (GGN) í september 2015. Í nóvember sama ár samþykkti aðalráðstefna UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna nýja áætlun er tók til geoparka. Um er að ræða fyrstu minjaskrá UNESCO síðan Heimsminjaskráin var stofnuð árið 1972. Samþykktin er tímabær viðurkenning stjórnvalda á mikilvægi verndunar jarðminja og landslags á heildrænan hátt.

Með samþykktinni innleiddi UNESCO formlegt samstarf sem verið hefur á milli UNESCO og alþjóðlegra samtaka geoparka, Global Geoparks Network frá 2004. GGN varð að UNESCO Global Geoparks (UGG) og tók regluverk samtakanna nokkrum breytingum. Í dag eru 120 geoparkar sem tilheyra UNESCO, tveir þeirra eru á Íslandi, en það eru Katla og Reykjanes sem bera einhverjar mikilvægustu náttúruminjar landsins.

Reykjanes Geopark hefur sinnt samstarfi á vettvangi á vettvangi EGN og UGG. Þannig sóttu Eggert Sólberg Jónsson og Sverrir Guðmundsson vörfund EGN Coordinaton Committee í Basque Coast UNESCO Global Geopark á Spáni dagana 17. og 18. mars. Auk þess hefur Reykjanes Geopark skilað reglulega inn gögnum og áfangaskýrslum til samtakanna ásamt

fréttum í fréttabréf þeirra. Reykjanes Geopark tekur þátt í starfi hópa innan EGN og mun m.a. hópur sem í eru eldfjallageoparkar í Evrópu gefa út bók veturinn 2016-2017.

Innlent samstarf

Reykjanes, Katla og Saga Geopark hafa unnið að stofnun samráðsvettvangs sín á milli þar sem sæti eiga að auki fulltrúar stoðstofnana. Verkefnastjóri á sæti í stjórn samráðsvettvangsins. Íslensku geoparkarnir starfa einnig saman í verkefninu Drifting Apart.

Alþjóðleg samstarfsverkefni

Reykjanes Geopark tekur þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum eins og kostur er á hverju sinni. Hvert verkefni sem upp kemur er metið út frá hagsmunum svæðisins og geoparksins.

Reykjanes Geopark var aðili að norræna verkefninu GEOfood ásamt geopörkum frá Norðurlöndum, Bretlandseyjum, Kanada, Spáni og Brasilíu. Verkefnið snýr að því að koma matarhefðum og matvælaframleiðslu í geopörkum á framfæri. Styrkur fékkst í verkefnið úr KreaNord sjóðnum vorið 2014 og stóð það yfir frá júní 2014 til júní 2016. Reykjanes Geopark vann að kynningarefni um matartengda ferðamennsku á svæðinu í samvinnu við hagsmunaaðila. Ein af afurðum verkefnisins var myndband um matarhefðir í viðkomandi geopörkum sem nýtist í kynningarstarfi Reykjanes Geopark og þeirra þriggja veitingastaða sem tóku þátt í verkefninu, þ.e. Salthússins, Vitans og Kaffi Duus. Þá hafa þeir veitingastaðir sem skrifuðu undir samning við Reykjanes Geopark um þátttöku í verkefninu fengið viðurkenningu fyrir að bjóða upp á matvæli úr héraði.

Reykjanes Geopark er aðili að evrópska verkefninu Drifting Apart sem snýr að auknu samstarfi geoparka í Norður-Evrópu og Kanada sem byggja tilvist sína á flekaskilum. Verkefnið fékk úr norðurslóðaáætlun ESB vorið 2015. Verkefnið hófst í júní 2015 og stendur í þrjú ár. Styrkurinn nýtist Reykjanes Geopark m.a. í þróun námsefnis, uppbyggingu innviða og fjölgun gestastofa. Stýrihópur verkefnisins mun fundaði í Grindavík í lok árs 2015. Reykjanes Geopark mun standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um jarðferðamennsku árið 2018 í tengslum við verkefnið.

Alþjóðlegt net geoparka er stórt og tækifærin til samstarfs víða og á mörgum sviðum. Þuríður Aradóttir og Ásgeir Eiríksson sóttu ráðstefnu í Ralsko Geopark í Tékklandi í byrjun júní 2016 ásamt Arnbirni Ólafssyni frá Keili. Héldu þau erindi um þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á Reykjanesi undanfarin ár en árangur Reykjanes Geopark þykir eftirtektarverður erlendis. Fulltrúar tékkneska geoparksins stefna að því að sækja Ísland heim í byrjun sumars 2017.

Söluvörur

RGP hefur séð um að framleiða viðurkenningarskjöl fyrir þá sem ganga yfir Brú milli heimsálfa og koma þeim til endursöluaðila. Viðurkenningarnar eru helst seldar af ferðaskrifstofum sem og á upplýsingamiðstöðvum á svæðinu.

Reykjanes Geopark gaf út göngu- og útivistarkort í byrjun júní 2016. Á kortinu má sjá legu meira en 25 gönguleiða og upplýsingar um 55 áhugaverða staði. Kortið er handteiknað og vatnslitað af mikilli nákvæmni uppúr hæðalínugrunni, loftmyndum og fjölda ljósmynda. Markmiðið var að gera eigulegt og sígilt kort sem er einfalt aflestrar. Kortið var gefið út í takmörkuðu upplagi með það að markmiði að fá viðbrögð frá notendum. Kortið verður endurprentað veturinn 2016-2017 auk þess sem unnið verður í því að koma kortinu á rafrænt form. Þar verður jafnframt bætt við upplýsingum enda pláss á prentuðu korti takmarkað.

Auk útgáfu göngu- og útivistarkorts hefur Reykjanes Geopark gerst aðili að Wapp-inu, gönguappi fyrir farsíma. Þar er að finna fjölmargar gönguleiðir, m.a. þrjár leiðir í boði Reykjanes Geopark. Tvær leiðanna eru á Reykjanesi en sú þriðja liggur um Hópsnes.

Fræðsla og innri markaðssetning

Unnið hefur verið að námsefnisgerð í tengslum við Sóknaráætlun Suðurnesja og Drifting Apart. Drög að verkefnahandbók liggja fyrir sem unnið verður frekar úr veturinn 2016-2017. Stefnt er að útgáfu námsefnis á íslensku og ensku á næstu árum eftir því sem fjármögnun leyfir. Það námsefni sem unnið er í tengslum við Drifting Apart mun verða tilbúið til notkunar snemma árs 2018.

Framkvæmdir

Reykjanes Geopark er ætlað að byggja upp áningarstaði til afþreyingar og fræðslu innan marka hans, auk þess að hafa samræmingarhlutverki að gegna varðandi merkingar og aðgengi. Lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu yst á Reykjanesi, þ.e. við Brimketil, Valahnúk, Reykjanesvita, Gunnhver og Brú milli heimsálfa.

Skipulagsstofnun staðfesti í byrjun maí deiliskipulag fyrir Reykjanesvita og nágrenni. Skipulagið gerir ráð fyrir nýjum bílastæðum, þjónustumiðstöð og göngustígum um svæðið. Á þeim grunni verður ráðist í framkvæmdir á svæðinu í haust og vetur. Þegar hafa verið sett upp nokkur fræðsluskilti á svæðinu.

Stjórnin auglýsti eftir áhugasömum aðilum til að koma að uppbyggingu þjónustumiðstöðvar við Reykjanesvita í lok janúar 2016. Alls bárust fjórar umsóknir um lóðina og samþykkti stjórn á fundi sínum í júní að leggja það til við Reykjanesbæ að úthluta lóðinni til Reykjanes Aurora. Útlit er fyrir að framkvæmdir við þjónustumiðstöð hefjist í lok september.

Sl. vor var jafnframt staðfest nýtt deiliskipulag fyrir Brimketil. Þar er gert ráð fyrir lagfæringu á bílastæði, fræðsluskiltum og nýjum útsýnispöllum. Smíði palla verður boðin út í lok ágúst. Stefnt er að verklokum fyrir lok árs 2016.

Jarðvegsvinna vegna bílastæða við Reykjanesvita og Brimketil hefur verið boðin út og er stefnt

að verklokum um miðjan október 2016. Um leið verður vegurinn að Gunnhver lagfærður.

Fráfarandi stjórn ályktaði á fyrsta fundi sínum í október 2015 að brýnt væri að efla landvörslu á Reykjaneskaga. Í kjölfarið fundaði formaður stjórnar ásamt verkefnastjóra með forstjóra Umhverfisstofnunar, starfsfólki Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og framkvæmdastjóra Stjórnstöðvar ferðamála til að fylgja bókuninni eftir. Úr varð að Reykjanes Geopark bauðst til þess að verða tilraunaverkefni þar sem haldið væri úti landvörslu á svæðum utan friðlýstra svæða. Kostnaður við verkefnið var á áætlaður um 14 milljónir króna. Engin svör hafa borist við þeirri tillögu.

Reykjanes Geopark hefur skilað inn tillögum vegna nýrrar áætlunar á vegum ríkisvaldsins um uppbyggingu ferðamannastaða er nefnist landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Lögð er áhersla á að ljúka við þau verkefni sem undirbúin hafa verið undanfarin ár, þ.e. yst á Reykjanesi.

Í júní var undirrituð samstarfsyfirlýsing milli Bláa Lónsins, HS Orku og Reykjanes Geopark um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn. Fyrirtækin munu leggja Reykjanes Geopark til 20 milljónir króna á þremur árum vegna verkefna á Reykjanesi, við Brimketil og Gunnhver. Um einstakan samning er að ræða og þann fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Grindavíkurbær hefur í samstarfi við Reykjanes Geopark unnið að könnun á því hvernig nýta megi gjár í nágrenni bæjarins til köfunar. Landið sem um ræðir er í eigu Ríkisins og hafa samningaviðræður um nýtingu þess gengið hægt. Áhugasamir aðilar hafa þó sett sig í samband við Grindavíkurbæ og lýst yfir vilja sínum til uppbyggingar aðstöðu á svæðinu.

Sveitarfélagið Garður hefur unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu á Garðskaga. Þar verða í framtíðinni sýningar auk veitingastaðar. Garðskagi ehf., sem sjá mun um rekstur svæðisins, hefur einnig áhuga á að bæta úr merkingum á svæðinu í samræmi við þá stefnu sem Reykjanes Geopark hefur sett sér um merkingar.

Nokkuð hefur verið rætt um sjálfvirka gjaldtöku á bílastæðum við fjölfarna áfangastaði ferðamanna innan stjórnar. Stjórnin beindi því til stjórnar SSS að taka ákvörðun um hvort hefja ætti gjaldtöku á vinsælum ferðamannastöðum innan Reykjanes Geopark. Reykjanes Geopark er sjálfseignarstofnun og hefur því ekki heimildir til að ákveða gjaldtöku án stuðnings stjórnvalds. Stjórn SSS hefur fjallað um málið en ekki tekið ákvörðun.

Geoparkvika

Reykjanes Geopark stóð í fjórða sinn fyrir geoparkviku 6.-11. júní 2016. Sambærilegar vikur eru haldnar í öllum evrópskum jarðvöngum um þetta um þetta leyti, en þeir eru nú 69 talsins.

Markmið vikunnar er að bjóða upp á áhugaverða viðburði sem endurspeglu náttúru og mannlíf á Reykjanesskaga.

Fyrirtæki og einstaklingar voru hvött til þess að standa fyrir viðburðum og upptökum þessa vikuna. Reykjanes Geopark tæki að sér kynningu á þeim sem það vildu. Þannig voru m.a. í boði gönguferðir á Keili, Háleyjabungu og um bókmenntaslóðir í Keflavík. Bókasöfnin á svæðinu tóku þátt og stilltu upp efni sem tengdist náttúru og sögu svæðisins á einn eða annan hátt. Nýtt gönguleiðakort kom út og var kynnt sérstaklega í Gestastofunni í Duushúsum. Starfsfólki í ferðaþjónustu var boðið uppá kynnisferð um Reykjanes Geopark. Loks fór Bláa lóns þrautin fram í lok Gaoparkvikunnar.

Sérstök áhersla var lögð á að auka sýnileika Reykjanes Geopark og voru aðilar að verkefninu hvattir til að flagga fána félagsins í vikunni. Að mati stjórnar er mikilvægt að aðilar að verkefninu séu vakandi fyrir því að nýta vikuna í kynningum á viðburðum sem fara fram á þeim tíma.

Gestastofur Reykjanes Geopark

Hafin er vinna við fjölgun Gestastofa Reykjanes Geopark með styrk úr Sóknaráætlun Suðurnesja en Reykjanesbær rekur í dag Gestastofu í Duushúsum. Settar verða upp svokallaðar „kaldar stöðvar“ þar sem þess er kostur. Um er að ræða mannlausar upplýsingaveitur þar sem nálgast má fræðslu, upplýsingar og svör við algengum spurningum. Markmið gestastofanna skal vera í samræmi við markmið EGN um sjálfbærni, þ.e. að draga úr efnahagslegum leka út af svæðinu og verður því lögð áhersla á sölu þjónustu innan geoparksins.

Reykjanes Geopark hefur tekið þátt í vinnu Ferðamálastofu við þróunarverkefni um heildræna endurskoðun á málefnum upplýsingaveitu til ferðamanna. Uppbygging Gestastofa og áhersla á aukna landvörslu er í takt við niðurstöður þeirrar vinnu.

Aukinn sýnileiki

Líkt og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að auka sýnileika Reykjanes Geopark innan hans. Reykjanes Geopark hefur unnið með Markaðsstofu Reykjaness að útgáfu kynningarefnis fyrir svæðið í heild, m.a. handbók sem komið hefur út árlega undanfarin ár og útgáfu kynningarbæklings þar sem vakin er athygli á möguleikum svæðisins til ráðstefnu- og fundahalds. Þá er Reykjanes Geopark áberandi á heimasíðu Markaðsstofunnar, visitreykjanes.is og eru geositestaðir merktir sérstaklega þar inn.

Ný heimasíða Reykjanes Geopark var tekin í notkun haustið 2015. Þá er síða Reykjanes Geopark á Facebook virk þar sem komið er á framfæri upplýsingum og fróðleik um svæðið.

Innkomuhlið í Reykjanes Geopark við Reykjanesbraut, Flugstöð Leifs Eiríkssonar,

Suðurstrandarveg og Krýsuvíkurveg voru endurnýjuð sumarið 2016 og merki UGG komið fyrir á þeim. Einnig verður merkið sett á vegvísa þar sem Vegagerðin heimilar slíkt. Fyrstu vegvísarnir verða settir upp við Þorbjörn og Brimketil. Þá hefur Sandgerðisbær sett upp vegvísa við áhugaverða staði með merki Reykjanes Geopark.

Við Gíghæð á Grindavíkurvegi voru sett upp tvö auglýsingaskilti vorið 2016. Notast er við slagorðin „Við höfum góða sögu að segja“ og „We have good stories to tell“. Grindavíkurbær sem og Vogar hafa flaggað fánum Reykjanes Geopark og UGG. Grindavíkurbær við sveitafélagamörkin á Grindavíkurvegi og Vogar við innkomu í þéttbýlið. Sömu fánum er einnig flaggað við Þekkingarsetur Suðurnesja í Sandgerði. Öllum sveitarfélögum og aðilum að Reykjanes Geopark hafa verið afhentir fánar. Sérstaklega var hvatt til þess að þeim væri flaggað við gestastofur Reykjanes Geopark.

Starfsfólk Reykjanes Geopark hefur fengið merktan fatnað frá 66°Norður með það að markmiði að auka sýnileika innan svæðisins auk þess sem starfsfólki Gestastofa Reykjanes Geopark stendur til boða að klæðast slíkum fatnaði. Starfsfólk í Reykjanesbæ og Grindavík hefur því verið merkt Reykjanes Geopark í sumar, og hafa önnur sveitarfélög verið hvött til að gera slíkt hið sama.

Vetrarfundur ferðapjónustunnar á Reykjanesi

Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes Geopark buðu sameiginlega til fundar um ferðapjónustu og markaðssetningu í mars. Fundurinn var vel sóttur en þar var m.a. fjallað um markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, ímynd Reykjaness, uppbyggingu og tækifæri á árinu 2016 og raunvirði ævintýra og upplifana. Loks voru í fyrsta sinn veitt Hvatningarverðlauna ferðapjónustunnar á Reykjanesi til Ferskra vinda og Þakkarverðlauna ferðapjónustunnar á Reykjanesi til Reynis Sveinssonar. Fundurinn þótti takast vel og verður vonandi að árlegum viðburði.

Eldey frumkvöðlasetur

Verkefnisstjóri:

Dagný Gísladóttir

Eldey er eitt stærsta og glæsilegasta frumkvöðlasetur landsins og þjónustar frumkvöðla og sprotafyrirtæki sem og starfandi fyrirtæki sem vilja efla sig með nýsköpun og vöruþróun. Þar býðst aðstaða fyrir frumkvöðla til að stíga sín fyrstu skref, þróa viðskiptahugmyndir sínar og koma sprotafyrirtækjum á legg.

Heklan hefur séð um rekstur Eldeyjar samkvæmt samningi við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar frá árinu 2011 en húsnæðið er í eigu þeirra. Samninginum var sagt upp á árinu frá og með 30. nóvember 2016 þar sem húsið var selt og nýir eigendur tóku við rekstrinum. Óvíst er um framtíð frumkvöðlaseturs í húsinu en það verður rekið með óbreyttu sniði fyrst um sinn.

Kynning

Viðburðir

Frumkvöðlasetrið Eldey stendur fyrir ýmsum viðburðum í samstarfi við sprotafyrirtæki og frumkvöðla í húsinu og má þar nefna Heklugos, hádegisfyrirlestra, opinn dag á Ásbrú og kaffihúsakvöld. Viðburðurnir eru nýttir til þess að kynna húsið og starfsemi þess og þannig verða sprotafyrirtækin sýnilegri.



Auglýsingar

Viðburðir voru kynntir með FB auglýsingum og fréttatilkynningum.

Móttaka hópa

Mikill áhugi er á því að heimsækja Eldey og hleypur gestafjöldi á hundruðum. Veittar eru uppl. um starfsemi frumkvöðlasetursins auk þess sem vinnustofur eru heimsóttar.




Heimsóknir 2016

- 7. mars Lady Circle Grindavík
- 9. mars Lady Circle Keflavík
- 14. apríl Konur úr Reykjavík
- 14. apríl Stjórnendur heilbrigðisstofanna á landinu
- 15. apríl Hóf Geosilica fyrir starfsfólk útsölastaða
- 25. apríl Nemendur Myllubakkaskóla í fyrirtækjaheimsókn
- 6 maí Stjórnsýsla Háskóla Íslands
- 6. maí Starfsfólk Árbæjarskóla
- 12. Maí Veitur
- 21 maí 25 konur í heimsókn
- 1. júní Nemendur frá Njarðvíkurskóla
- 9. september Starfsmenn Verkis
- 17 september Vilboragsystur
- 1 október Hansína, konur frá 7 löndum
- 8 október Eldeyarkonur
- 14. október Kennarar í smíði, myndlist og textil
- 15. október Starfsfólk Arion Banka

Kynning á fyrirtækjum

Reglulega er unnið að því að kynna fyrirtæki í Eldey í fjölmiðlum en m.a. var fjallað um Awarego, Skinboss og Geosilica.



Fræðsla og fyrirlestrar

Fjölbreytt fræðsluerindi eru haldin reglulega í Eldey og eru þau miðuð að þörfum frumkvöðla og sprotafyrirtækja í frumkvöðlasetrinu en einnig eru þau kynnt út á við.



Samfélag

Tengslanetið er mikilvægt hverjum frumkvöðli og í Eldey er lögð áhersla á að efla það með viðburðum, uppákomum og umhverfi sem hvetur til samskipta.




Hakkit stafræn smiðja

Sóknaráætlun Suðurnesja



HAKKIT

Hakkit er stafræn smiðja sem starfrækt er í Eldey í tengslum við Sóknaráætlun Suðurnesja. Smiðjan er m.a. búin þrívíddarskanna og þrívíddarprentara, laskerskurðvél, fræsara og vínilskera ásamt öðrum tækjum og tólum en markmið hennar er að auka tæknilæsi og hvetja til nýsköpunar.



Opið er í smiðjunni þrisvar sinnum í viku sem er opin almenningi auk þess sem tekið er á mótum skólahópum.

Hönnunar- og tilraunasmíðja

Hakkit stóð fyrir hönnunar- og tilraunasmíðju í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum þar sem þátttakendur sóttu 7 vikna námskeið í stafrænni vinnslu og unnu að eigin framleiðslu sem seinna gæti farið á markað.

- Námskeið í jólaföndri desember
- Tómustundasmíðja fyrir unga nörða


- Nemendur FS nýta sér aðstöðuna í Hakkit
- Unnið að undirbúningi tæknibókasafns
- Móttaka ýmissa hópa í samfélaginu

Skrifað var undir samning um Fablab á Suðurnesjum í september og hefur Keilir tekið yfir rekstur verkefnisins.

facebook.com/hakkit

Sprotafyrirtæki í Eldey

Í Eldey starfar fjöldi hönnuða auk fyrirtækja í tækniþróun, heilsu og hugbúnaðarþróun svo eitthvað sé nefnd. Þá má nefna fyrirtæki í ljósmyndun og kvikmyndagerð, fiskframleiðsla og áfram mætti telja en fjölbreytnin er mikil og mikil hreyfing á fyrirtækjum inn og út úr húsinu.



Fyrirtækin og frumkvöðlar nýta sér ráðgjöf Heklnnar vegna framgangs viðskiptahugmynda en í lok ársins lauk samningi Heklnnar við Kadeco og nýir eigendur tóku við húsinu um áramót.



Fyrirtæki í Eldey

- Awarego - öryggisfræðsla fyrir fyrirtæki
- Mýr design - hönnun
- Ljósberinn - hönnun
- Valorka - virkjun sjávarfalla
- Raven design - hönnun
- Flingur - hönnun
- Geosilica Iceland - heilsuvörur úr Kísil
- Skinboss húðvörur
- Ozzo - ljósmyndun, drónar og kvikmyndir
- Hakkit - stafræns miðja
- Raddlist - talkennsla
- Mekano - ný gerð fjöltengja
- Uppvís - bókhald á netinu
- Bókhaldarinn - bókhaldspjónusta
- Drífa Reynis - auglýsingaljósmyndun
- Magdalena Sírý design - hönnun
- Tvíeggja - brúðugerð og kvikmyndagerð

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnastjóri: Björk Guðjónsdóttir



SÓKNARÁÆTLUN SUÐURNESJA

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði verkefna. Á vef Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sss.is er hægt að nálgast allar upplýsingar sem umsækjendur um styrk þurfa á að halda við gerð umsókna. Auk þess sem þar er að finna rafrænt umsóknareyðublað og eyðublað fyrir

áfanga- og lokaskýrslur verkefna. Á síðunni má einnig nálgast verklagsreglur og Sóknaráætlun Suðurnesja sem umsækjendur þurfa að kynna sér við gerð umsókna.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum annast umsýslu sjóðsins. Auglýst er opinberlega minnst einu sinni á ári, eftir umsóknum um styrki til verkefna, sem samræmast sóknaráætlun landshlutans.



Á árinu 2016 voru umsóknir til sjóðsins 63 talsins. Hljóðuðu styrkbeiðnir upp á rúmlega 127 milljónir króna. Úthlutað var kr. 45.000.000 til 35 verkefna.